

Hönnunarkeppni



Nemendur í Spóum tóku þátt í hönnunarkeppninni sem haldin var í tengslum við verkefnið „Virkjum vísindin og hugvitið hjá unga fólkinu“ og fram fór í Akurskóla þann 1. júní. Keppt var í hönnun farartækja sem byggð voru að mestu leyti úr áli og gengu fyrir vetni. Auk þess kynntu nemendur rannsóknarverkefni sín sem fjölluðu um vetni sem framtíðarorkugjafa og nýtingu áls.

UMFN lið Njarðvíkurskóla hlaut fyrsta sæti í hönnun farartækis og einnig hlaut liðið fyrsta sæti fyrir rannsóknarverkefni sitt um vetni en lið Heiðarskóla, Skjaldbakan, hlaut fyrsta



sæti fyrir rannsóknarverkefni sitt um ál. Um 50 nemendur tóku þátt í keppninni og var spennan mikil í loftinu á meðan keppnin fór fram. Greinilegt var að nemendur skólanna höfðu lagt mikla vinnu í undirbúning. Nemendur frá Myllubakkaskóla voru með tónlistaratriði. Meðal dómara voru bæjarstjórar Reykjanesbæjar og Garðs. Þátttakendum keppinnar var boðið upp á veitingar í boði Matarlystar og megi þau hafa þökk fyrir. Hönnunarkeppnin er liður í eflingu raungreina í grunnskólum á Suðurnesjum en verkefnið er samstarfsverkefni Hitaveitu Suðurnesja, Norðuráls og Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar. Fyrir í vetur færðu fyrirtækin grunnskólunum vetniskennslusetið að gjöf og færum við þeim bestu þakki fyrir það.

Víkin Kópa



Árni Sigfússon bæjarstjóri mætti ásamt fríðu föruneyti í víkina Kópu þann 11. maí og afhenti nemendum Akurskóla hana til varðveislu og umsjónar. Markmiðið með því er að nemendur haldi víkinni hreinni svo nýta megi hana í námi og leik. Þessi umsjón er þáttur í sjálfbærliðastarfi nemendana til samfélagsins. Það kom í hlut Eypórs Atla, afmælisbarns dagsins, að taka við skjali frá Árna og þakkaði hann traustið sem okkur er sýnt. Eftir afhendinguna tóku nemendur, starfsmenn og aðrir góðir gestir til hendinni og tíndu upp ruslið sem nóg er af í víkinni.



Akurskóli stefnir að því að nýta náttúruperlur í Innri-Njarðvík til náms og kennslu í náttúruvísindum og umhverfismennt og hefur skólanum hlotnast styrkur frá Endurmenntunarsjóði grunnskóla til verkefnisins.

Kiwanes færir nemendum reiðhjólahljálma

Mikil gleði ríkti hjá nemendum fyrsta bekkjar á dögum, en þá færðu félagar úr Kiwanes - hreyfingunni þeim glænýja reiðhjólahljálma. Þökkum við Kiwanesmönnum kærlega fyrir og hvetjum börnin til að nota alltaf hjálm þegar þau fara út að hjóla.

Takk fyrir samstarfið

Kennarar og starfsfólk Akurskóla vill þakka nemendum og foreldrum þeirra fyrir samstarfið í vetur. Sjáumst hress og endurnærð á skólasetningu þann 22. ágúst 2007.


Sparisjóðurinn í Keflavík

Fyrstu tréin gróðursett í gróðurreit skólans

Nemendur í Kópum og Kiðlingum gróðursettu fyrstu plönturnar í gróðurreit Akurskóla þann 24. maí sl. sem Umhverfis- og skipulagssvið hefur úthlutað skólanum. Samtökin „Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs“ munu aðstoða okkur við ræktun svæðisins og gáfu þau skólanum fyrstu plönturnar. Forsvarsmenn samtakanna fræddu nemendur um ræktun trjáa og umhirðu.



Nemendur gróðursettu birki, víði og reynivið sem eru íslenskar trjátegundir og vonum við að plönturnar nái að vaxa og dafna. Í framtíðinni verður það hlutverk nemenda í þriðja og fjórða árgangi skólans að gróðursetja í reitinn. Hver nemandi kemur til með að fylgjast með vexti plöntu sinnar. Við vonum að eftir nokkur ár geti bæjarbúar skellt sér í skógarferð í trjálundinn okkar með nesti og nýja skó.



Skólafatnaður

Boðið verður upp á sérstakan skólafatnað í Akurskóla frá og með næsta hausti og er hann fyrsti grunnskólinn í Reykjanesbæ sem tekur upp sérstakan skólafatnað. Foreldrafélag skólans gerði könnun meðal foreldra sem leiddi í ljós að um 90% þeirra voru hlyntir því að fara þessa leið.

Sportbúð Óskars mun annast söluna á fatnaðinum en gallinn kostar 5.490 kr og bolurinn 750 kr. Óskar í sportbúðinni tekur við pöntunum alla virka daga og er áætlað að fatnaðurinn verði tilbúinn til afhendingar í ágúst áður en skólahald hefst á ný eftir sumarfrí.

Vantar ekki brók og skó, væna peysu hlýja

Mikið er um óskilamuni bæði í skólanum og í íþróttahúsi Njarðvíkur. Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að koma við og kanna hvort eitthvað af því sem liggur hjá okkur tilheyrir ekki börnum þeirra.

„Ég og þú, þú og ég“

Nemendur og foreldrar þeirra sóttu námskeið sem voru í boði á vegum skólans og foreldrafélagsins. Að þessu sinni voru fjölbreytt námskeið í boði, má þar nefna skák, dans, glerlist, legó og þæfingu. Þátttaka var mjög góð og greinilegt að það mælist vel fyrir að bjóða upp á námskeið þar sem foreldrar og börn eru saman. Þessi námskeið eru liður í forvörnum skólans og það er gaman að segja frá því að á dögumum benti forseti Íslands Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, landsmönnum á að besta forvörnin væri fólgin í samveru foreldra og barna.

Kosning í nemendaráð

Samkvæmt grunnskólalögum sem tóku gildi um áramót á að vera starfrækt nemendaráð í grunnskólum sem bjóða upp á kennslu fyrir nemendur í 7. bekk eða eldri nemendur. Nú hefur verið kosið í fyrsta nemendaráð Akurskóla. Fjölmargir gáfu kost á sér en þeir sem hlutu kosningu í ráðið voru Þórhallur Arnar Vilbergsson, Eva Lóa Róbertsdóttir, Davíð Freyr Jakobsson og Arngrímur Sævar Arngrímsson. Við óskum þeim til hamingju.



Spóar að Reykjum

Dagana 19. – 23. febrúar dvöldu nemendur 7. bekkjar í skólabúðunum að Reykjum í Hrutafirði. Nemendur voru mjög ánægðir með dvölinna enda fjölbreytt dagskrá alla vikuna sem var hæfileg blanda af fræðslu og leik. Megin markmiðið með dvölinni er að efla félagslegan þroska nemenda, gefa nemendum tækifæri á að fást við áður óþekkt viðfangsefni og örva löngun nemenda til að athuga og rannsaka umhverfið og komast að niðurstöðu. M.a var farið í fjöruferð, lífríki fjörunnar kannað og sýni tekin. Nemendur skoðuðu einnig Byggðasafnið að Reykjum og fengu fræðslu um sögu og atvinnuhætti á landsbyggðinni. Ef farið er inn á vef skólabúðanna á www.skolabudir.is má sjá myndir af dvöl þeirra þar. Nú þegar er hafinn undirbúningur fyrir 7. árgang næsta skólaárs og var fundur haldinn með foreldrum nemendanna. Greinilegur vilji var fyrir því að sækja um dvöl fyrir þá á næsta skólaári. Til þess að greiða niður kostnað vegna fararinnar bjóðum við nemendum að selja salernispappír og eldhúsrúllur og stendur sú sala yfir núna.



Reykjanes þemavika

Þemavikan um Reykjanes, vikuna 7.-11. maí, tókst sérstaklega vel. Nemendum var skipt í fimm hópa og sáu tveir kennarar um hvern hóp. Aldurblandað var í hópana þannig að nemendur 1. til 7. bekkjar unnu saman. Hver hópur fékk sinn hluta af Reykjanesinu sem var skipt í fimm hluta frá Reykjanestánni að Hvaleyrarvatni. Allir hóparnir fóru í vettvangsferðir og höfðu síðan þrjá daga til þess að vinna að úrvinnslu verkefna og fimmti dagurinn var notaður til þess að setja verkin upp, tína upp rusl í víkinni Kópu og flytja verk á sal skólans. Afrakstur nemenda eftir vikuna var mjög mikill og metnaðarfullur. Það er ekki hægt að segja annað en að nemendur Akurskóla séu skapandi og það kom okkur skemmtilega á óvart hvað þeir voru fljótir að breyta þjóðsögum og draugasögum í leikþætti með tilheyrandi leikmunum. Takk fyrir frábæra þemaviku krakkar.

Kynning fyrir leikskólabörn og foreldra þeirra

Foreldrar væntanlegra 6 ára barna sem munu hefja grunnskólanám í Akurskóla næsta haust fengu kynningu á starfinu í skólanum 18. maí sl. Mæting var góð en flestir foreldrarnir eiga börn á Dal eða Akri sem er í einu kennslurými í skólanum. Það verður ekki mikil breyting fyrir þá nemendur þegar þeir hefja nám í Akurskóla því þeir munu vera áfram í því rými en leikskóladeildirnar verða lagðar niður í haust þegar nýr leikskóli, Akursel, tekur til starfa.

Leikskólabörnin höfðu komið í heimsókn áður og tóku nemendur í Kettlingum, Hvolpum og Húnum vel á móti þeim. Fyrir heimsóknina höfðu leikskólabörnin undirbúið spurningar sem nemendur Akurskóla svöruðu. Nemendur skólans voru víst óspör á góð ráð. Við bjóðum börnin og foreldra þeirra velkomin í skólann og hlökkum til að starfa með þeim.

Kópar og Kiðlingar

Kópar og Kiðlingar hafa verið í þemavinnu um Ísland áður fyrr og fengu af því tilefni skemmtilega heimsókn. Langafi Thelmu Lindar nemanda í Kiðlingum, Gunnlaugur Karlsson, kom og sagði krökkunum frá lífi sínu í gamla daga og afrekum. Allir voru einstaklega ánægðir með heimsóknina og duglegir að spyrja Gunnlaug um daglegt líf frá því hann var ungur að árum..

Kópar og Kiðlingar hafa verið að læra um mannlíkamann síðustu vikurnar. Einn liður í þeirri vinnu var að semja ljóð um líkamann og eru hér 2 ljóð.

Ljóð um nýru

Nýru, heili, nef og hjarta.
Nýtast mér vel.
Kannski stundum ég kvarta,
Þó hjálpa þau mér.

Salka Björt

Ljóð um heilann

Þetta er minn heili,
Honum ég ekki deili.
Hann hoppar og skoppar út um allt
og veit allt og drekkur malt og allt er kalt.

Ólafur Andri

Ferilmöppur - portfolio

Þegar starfssemi Akurskóla hófst í haust var ákveðið að innleiða ferilmöppurnar. Ferilmöppurnar eru hvítar möppur sem hafa því hlutverki að gegna að geyma gögn sem nemendur vilja eiga til að sýna árangur þeirra og framfarir. Þegar nemendur útskrifast úr 10. bekk fá þeir möppuna afhenta við skólaslitin. Markmiðið með ferilmöppunum er fyrst og fremst að gera nemendur ábyrga fyrir verkefnum sínum og könnunum. Þannig verða framfarir nemenda sýnilegri. Möppurnar eiga einnig að geta sýnt foreldrum og kennurum hvar nemandinn er staddur í námi og auðvelda mat á vinnu hans með tilliti til settra markmiða.



Nemendur í Löxum og Silungum hafa notað möppurnar. Allir nemendur hafa merkt millisiðurnar, hannað forsíðuna og sett mörg verkefni í hana. Sumir nemendur hafa gert greinargerð í möppuna um ákveðin verkefni og sagt frá framförum.

Þann 14. febrúar var námsmatsdagur í Akurskóla og þá var prófað, í fyrsta sinn, að hafa nemendastýrða fundi hjá nemendum í Löxum. Kennarinn byrjaði fundinn á því að tala um námsmatið og hegðun nemandans. Þá tók nemandinn við fundinum og stýrði honum með ferilmöppunni sinni. Nemandinn sýndi ákveðin verkefni sérstaklega þau sem hann var stoltur af og sýndu framfarir hans. Þegar nemendur mættu í skólann næsta dag var rætt um þetta fyrirkomulag og voru þá allir sammála um að þetta hefði verið „gaman“ og „skemmtilegt“. Einn nemandi sagði að hann hefði verið svo spenntur fyrir deginum að hann hefði átt erfitt með að sofna kvöldið áður.

Kveðja Sólveig Silfá, umsjónarkennari Laxa

Skógarferð hjá Húnum, Hvolpum og Kettlingum

Nemendur í Hvolpum, Húnum og Kettlingum fóru í vettvangsferð í Sólbrekkuskóg í lok apríl í kjölfarið á þemavinnu um tré enda tilvalið að enda námskeiðið á skemmtilegri skógarferð. Nemendur, í útivistarsmiðju 5.-7. bekkjar, skipulögðu leiki ásamt því að aðstoða yngri nemendur. Ferðin gekk í alla staði vel, nesti var borðað í skóginum sem féll vel í kramið hjá yngstu kynslóðinni. Þá var skógurinn skoðaður hátt og lágt og sáu krakkarnir sér til mikillar gleði nokkrar kanínur á vappi í skóginum.

Árshátíð Akurskóla

Árshátíð skólans var haldin í annað sinn þann 16. mars. Skemmtiatriði nemenda voru stórglæsileg en þema árshátíðarinnar var söngleikir. Laxar og Silungar sungu og léku atriði úr söngleiknum „Grease“. Kettlingar sungu saman lagið Lari lei, Húnar tóku atriði úr íþróttálfnum og Hvolpar sungu um latasta hvolpinn í heimi. Kópar og Kiðlingar tóku atriði úr gaman- og leikmyndinni „Með allt á hreinu“ sungu Ástardúett og Riddara götunnar með tilburðum. Í lokin komu Spóarnir með „MegaMix“ sem var blönduð tónlist með rokki og stuði. Foreldrar fjölmenntu á árshátíðina og allir fengu sér gos og köku í lokin.

Vorferðir

Nú standa vorferðir yfir hjá nemendum og hafa þær gengið mjög vel. Yngstu nemendurnir fóru í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, Kópar og Kiðlingar heimsóttu Árbæjarsafnið, Laxar og Silungar sóttu skoðuðu Trölla, álfa og Norðurljósasafnið á Stokkseyri. Nemendur í Akurskjóli fóru í sína vorferð út að Hvalsnesi.

Hekluklúbbur

Nýlega var stofnaður hekluklúbbur í skólanum. Það voru stúlkur úr Löxum, Silungum og Spóum sem komu saman vikulega í skólanum og hekludu undir leiðsögn Kolbrúnar. Stúlkurnar hekludu veski og vonum við að þær geti tekið upp þráðinn þar sem frá var horfið strax næsta haust.

Skólaslit

Á miðvikudaginn verður vorhátíð í Akurskóla. Nemendur mæta í skólann kl 8.10 skv. stundatöflu en íþróttir, sund og almenn kennsla fellur niður þennan síðasta skóladag. Á skólalóðinni verða stöðvar þar sem skemmtilegir leikir verða í boði og stór hoppukastali. Nemendur mega koma með hjól því lögreglan mun skoða hjólin milli kl. 10 og 11, munið eftir að nota hjólahjál. Pylsur verða grillaðar í hádeginu og borðaðar úti.

Við hvetjum foreldra til þess að fylgjast með veðurspá og fylgjast með að nemendur komi í skólann í klæðnaði eftir veðri. Nemendur fara svo heim eftir skóla samkvæmt stundatöflu og koma síðan seinnipartinn á skólaslitin sem verða kl. 17 fyrir nemendur í 1.- 4. bekk og kl. 18:15 fyrir nemendur í 5. – 7. bekk.

Kornið

Fréttabréf Akurskóla

Ábyrgðarmaður: Dröfn Rafnsdóttir

Akurskóli
Tjarnabraut 5
S: 420 4550 Fax: 420 4551
www.akurskoli.is
akurskoli@akurskoli.is